

Fjárhags- áætlun 2026

Greinargerð – seinni umræða 3.des 2025



Efnisyfirlit

1. Forsendur fjárhagsáætlunar
2. Fjölskyldusvið
3. Mannvirkja- og umhverfissvið
4. Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Ef ósamræmi er á milli greinargerðar fjárhagsáætlunar og fjárhagsáætlun, gildir fjárhagsáætlun

Kæru íbúar Árborgar

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2026-2029 sýnir áframhaldandi bata í rekstri og ávinning til íbúa. Áætlunin endurspeglar árangur síðustu ára og hvernig ábyrgur rekstur getur skapað svigrúm til lækkunar gjalda og álaga. Áætlun 2026 skilar 150,2 milljóna jákvæðri rekstrarniðurstöðu í A- og B-hluta og samhliða er lántaka í lágmarki. Fasteignagjöld lækka, frístundastyrkur hækkar um 25% og áfram er fjárfest í framkvæmdum mikilvægra innviða samfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg er öflugt samfélag í örum vexti sem hefur tekist á við krefjandi verkefni undanfarin ár. Vil ég þakka bæjarfulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir þeirra óeigingjarna framlag, sem er að skila sér í stöðugri rekstri og auknum ávinningi til íbúa og fyrirtækja í Árborg okkar allra.

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri



Ábyrgur rekstur skilar auknum ávinningi til íbúa

Skattar lækka: Áfram verður lögð áhersla á góðan rekstur sem skilar sér m.a. í lægri fasteignagjöldum á íbúa og fyrirtæki.

Ábyrgur rekstur: Rekstur Sveitarfélagsins Árborgar er að ná jafnvægi og skuldahlutföll að lækka næstu árin.

Börn og fjölskyldur í fyrirrúmi: Auknu fjármagni er varið til mennta-, frístunda- og velferðarmála.

Gott að eldast í Árborg: Bætum aðstöðu fyrir eldri borgara og tryggjum heilsueflingu áfram í öllum byggðarkjörnum.

Uppbygging innviða: Fjárfestingar endurspeglar forgangsriðun grunn innviða og tekjuskapandi verkefna. Á árinu verður byggt við leikskóla til að mæta fjölgun barna, framkvæmdir hefjast á íþróttamannvirki við Stekkjaskóla ásamt endurnýjun lagna.

Stafræn þróun: Áfram unnið að innleiðingu stafrænna lausna með það að markmiði að bæta þjónustu og hagræða í rekstri.

Forsendur fjárhagsáætlunar



Hagvöxtur

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,8% fyrir árið 2026, 3,2% árið 2027, 2,4% fyrir árið 2028 og 2,4% fyrir árið 2029.



Íbúapróun

Íbúar Árborgar voru 12.385 þann 1. janúar 2025 og gerir húsnæðisáætlun ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 12.880 þann 1. janúar 2026. Húsnæðisáætlun gerir svo ráð fyrir um 4% fólksfjölgun á ári út áætlunartímabilið.



Kjarasamningar

Kjarasamningar lang flestra starfsmanna Árborgar voru samþykktir á árinu 2025 og gerir áætlun ráð fyrir um 3,5% hækkun á launum á árinu 2026.



Verðbólga


Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að verðbólga verði 3,5% fyrir árið 2026, 2,7% árið 2027 og 2,5% fyrir árin 2028 – 2029.



Fjöldi fasteigna

Áætlanir gera ráð fyrir að fjölgun íbúða verði um 200 milli ára auk atvinnulóða sem eru í úthlutun.

Íbúapróun



Rekstrarreikningur A- og B-hluta	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Útsvar og fasteignaskattur	11.860.480	12.263.234	13.232.835	14.261.846	15.378.377	16.577.733
Framlög Jöfnunarsjóðs	4.360.131	3.771.888	4.721.824	4.893.573	5.015.912	5.141.310
Aðrar tekjur	6.859.347	4.610.110	4.889.264	5.072.818	5.195.251	5.320.588
Alls rekstrartekjur	23.079.958	20.645.232	22.843.923	24.228.236	25.589.540	27.039.631
Laun og launatengd gjöld	10.244.202	11.055.831	12.552.621	13.490.675	14.332.450	15.233.637
Lífeyrisskuldbinding, breyting	273.967	231.770	315.047	244.865	247.036	249.228
Annar rekstrarkostnaður	6.728.998	6.524.703	7.179.108	7.404.086	7.584.139	7.768.512
Alls rekstrargjöld	17.247.167	17.812.304	20.046.776	21.139.625	22.163.624	23.251.377
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	5.832.791	2.832.929	2.797.147	3.088.611	3.425.916	3.788.254
Afskriftir	-947.898	-1.085.485	-1.107.029	-1.182.837	-1.254.794	-1.322.808
Fjármunatekjur og gjöld	-1.735.126	-1.738.821	-1.539.861	-1.365.076	-1.388.979	-1.433.700
Rekstrarniðurstaða	3.096.582	8.623	150.257	540.699	782.143	1.031.746

Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Efnahagsreikningur A- og B-hluta	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Eignir samtals	37.602.783	38.175.457	38.569.748	39.600.303	40.408.080	41.659.113
Eigið fé	5.752.542	5.761.165	5.911.422	6.452.120	7.234.263	8.266.009
Langtímaskuldir	21.544.320	22.465.049	22.315.835	22.790.033	22.831.440	22.653.258
Skammtímaskuldir	6.519.500	6.130.769	6.420.901	6.401.903	6.349.226	6.687.232
Skuldbindingar	3.786.421	3.818.473	3.921.590	3.956.247	3.993.151	4.052.613

Sjóðstreymisyfirlit
A- og B-hluta

Veltufé frá rekstri	4.236.905	2.112.076	2.311.353	2.359.272	2.667.664	2.994.849
Tekin ný langtímalán	1.375.241	2.696.040	1.945.634	3.030.000	2.860.000	2.610.000
Afborganir langtímalána	2.405.897	3.839.000	2.769.354	2.982.552	3.246.071	3.502.460
Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjárm.	2.596.948	2.472.500	3.318.808	3.318.500	3.446.500	3.191.500

Tekjur Árborgar eru áætlaðar um 22,8 ma.kr. fyrir árið 2026

Útsvar


- Útsvarsprósenta fyrir árið 2026 er áætluð 14,97%.
- Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki á árinu 2026. vegna íbúafjölgunar og launahækkana.

Jöfnunarsjóður

- Framlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð 4,72 ma.kr. fyrir árið 2026.

Gatnagerðargjöld, byggingaréttur og sala eigna

- Tekjur af gatnagerðargjöldum eru áætlaðar 500 m.kr. fyrir árið 2026.
- Tekjur af byggingarétti eru áætlaðar 160 m.kr. fyrir árið 2026.
- Sala eigna er áætluð 300 m.kr. fyrir árið 2026.




Gjaldskrár

- Gjaldskrár hækka almennt um 3,2% - 3,5% á milli ára.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,48% í 0,44%.
- Vatnsgjald á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,102% í 0,0806%.
- Fráveitugjald á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,102% í 0,0806%.
- Fasteignaskattur á opinberar byggingar (B) helst óbreyttur.
- Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) lækkar úr 1,65% í 1,63%.
- Vatnsgjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,172% í 0,162%.
- Fráveitugjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,18% í 0,17%.
- Lóðarleiga helst óbreytt 1%.

Gjöld Árborgar eru áætluð um 20,05 ma.kr. fyrir árið 2026



Allar fjárhæðir í þúsundum króna

*Hækkun lífeyrisskuldbindingar er hluti af launakostnaði

Fasteignagjöld lækka milli ára umfram verðlag



Fasteignaskattur lækkar úr 0,48% í 0,44% af fasteignamati íbúðar.



Vatns- og fráveitugjald lækkar úr 0,102% í 0,0806% fyrir eignir í A-flokki (íbúðarhúsnæði).

Lækkun álagningar fasteignagjalda skilar um
330 milljónum í aukna ráðstöfun til íbúa og fyrirtækja

- Fasteignagjöld lækka milli ára umfram hækkun fasteignamats.
- Fasteignamat hækkar að meðaltali um 10% en hækkun verður mest á Eyrarbakka og Stokkseyri milli ára.



Gjöld vegna **meðhöndlunar úrgangs lækka** í flestum flokkum milli ára.



Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,65% í 1,63% af fasteignamati. Vatnsgjald lækkar úr 0,172% í 0,162% og fráveitugjald lækkar úr 0,18% í 0,17%.

Fasteignagjöld — sýnidæmi


Áætluð dæmi á mismunandi eignum í sveitarfélaginu á árinu 2026

Mismunur milli eigna skýrist af fasteignamati og mismunandi hækkunum milli byggðarkjarna/hverfa í sveitarfélaginu. Greiðslur á fasteignagjöldum dreifast áfram á 11 mánuði.

Einbýlishús á Selfossi (236 m²)		Parhús á Selfossi (145 m²)		Parhús á Eyrarbakka (163 m²)		Parhús á Stokkseyri (163 m²)		Íbúð á Selfossi (74 m²)	
2025	1.017.627 kr.	2025	709.313 kr.	2025	576.875 kr.	2025	599.839 kr.	2025	417.639 kr.
2026	1.008.535 kr.	2026	706.936 kr.	2026	588.269 kr.	2026	604.685 kr.	2026	402.788 kr.
Lækkun: -9.092 kr.		Lækkun: -2.377 kr.		Hækkun: 11.394 kr.		Hækkun: 4.846 kr.		Lækkun: -14.851 kr.	

Rekstrarniðurstaða


- Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta verði 150,3 m.kr.
- Fjármagnsgjöld nema 1,54 ma. kr.



Allar fjárhæðir í þúsundum króna


Rekstrarjöfnuður

Rekstrarjöfnuður/jafnvægisregla A- hluta 2023-2029



- Neikvæður rekstur A-hluta, stefnir í jákvæðan rekstrarjöfnuð á áætlunartímabilinu, með áframhaldandi aðhaldi í rekstri.
- Bæjarstjórn mun áfram sýna ábyrgð og festu í rekstrinum.

Rekstrarjöfnuður/jafnvægisregla A- og B-hluta 2023-2029




- Rekstrarjöfnuður í A- og B-hluta orðinn jákvæður árið 2025.
- Rekstur í A- og B-hluta að ná góðu jafnvægi.


Veltufé frá rekstri og framlegðarhlutfall

- Veltufé frá rekstri um 2,3 milljarðar árið 2026.
- Veltufé vex út áætlunartímabilið.
- Framlegð í takti við skuldastöðu.


Framlegðarhlutfall og veltufé frá rekstri
A- og B-hluti 2020-2024 auk áætlunar til 2029



Afborganir, ný lántaka og fjárfestingar



Heildarskuldir og skuldaviðmið



Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Fjárfestum í innviðum samfélagsins



- **Íþróttahús** við Stekkjaskóla.
- Viðbygging við leikskólana **Jötunheima og Árbæ**.
- **Kennslusundlaug og sauna aðstaða** við Sundhöll Selfoss.
- **Göngu- og hjólastígar**
— klárum að tengja byggðarkjarna.
- **Dælustöð** vatnsveitu og styrking dreifikerfis.
- **Orkuöflun** Selfossveitna.
- Lokaáfangi **hreinsistöðvar** í Geitanesi.
- **Viðhald** eigna og stofnana.
- Endurnýjun á **tröppum við Ráðhús**.
- **Vegir, stígar, undirgöng og lagnir** við nýja Ölfusárbrú.
- Hönnun **tjaldsvæðis** og **Sigtúnsgarðs**.
- Nýtt **skátaheimili**.
- **Barnaskólinn** á Eyrarbakka.
- **Gatnagerð** á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Helstu lykiltölur úr fjárfestingaáætlun 2026



3.355 m.kr.

Áætluð heildarfjárfesting árið 2026

595 m.kr.

Áætlaðar tekjur í formi stofn- og gatnagerðargjalda

836,5 m.kr.

Fjárfestingar hjá eignasjóði

Viðhald gatna, göngustíga og mannvirkja, lýsing, nýjar götur og öryggismál.

1.047,5 m.kr.

Fjárfestingar hjá Fasteignafélagi Árborgar

Nýframkvæmdir og hönnun við leik- og grunnskóla, kennslusundlaug, íþróttahús og hreinsistöð.

80 m.kr.

Fjárfestingar í fráveitu

Fráveita við ströndina og viðhald kerfis.

473,5 m.kr.

Fjárfestingar í vatnsveitu


Vatnsöflun, dælustöð og dreifikerfi.

917,5 m.kr.

Fjárfestingar hjá Selfossveitum

Orkuöflun, dælustöð og dreifikerfi.

Leggjum áherslu á þjónustu við alla aldurshópa



Aukinn opnunartími sundlauga

- Framlag aukið til foreldra fyrir þjónustu dagforeldra.
- Frístundastyrkur fyrir 4-17 ára hækkar um 25%.
- Vinnuskóli Árborgar fyrir 8.–10. bekk og 17+.
- Aukin framlög vegna forvarna og farsældar barna.



Heilsuefling eldri borgara

Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri




Fjölgun leikskólaplássa

Leikskólagjöld undir verðlagshækkunum

- Námsgjald í leikskólum hækkar ekki milli ára.
- Fæðisgjald hækkar í samræmi við verðlag.
- Gjald vegna skráningardaga og föstudaga eftir kl.14:00 hækkar.

Yfirlit málaflokka

Hlutfall stærstu
málaflokka af
skatttekjum 2026




- Fræðslu- og uppeldismál - 10,3 ma.kr.
- Félagsþjónusta - 2,9 ma.kr.
- Æskulýðs- og íþróttamál - 1,4 ma.kr.
- Umferðar- og samgöngumál - 0,6 ma.kr.
- Skipulags- og byggingarmál - 0,4 ma.kr.
- Menningarmál - 0,4 ma.kr.



Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið samanstendur af fjórum grunnskólum og sex leikskólum sem þjónusta um 2300 börn. Á sviðinu er einnig starfrækt frístundþjónusta, skólaþjónusta og velferðarþjónusta.



Leikskólar

Fjöldi barna í vistun

	1. okt. 2023	1. okt. 2024	1. okt. 2025
Árbær - Hjallastefna	109	111	98
Álfheimar	97	102	103
Goðheimar	113	116	117
Hulduheimar	112	111	115
Jötunheimar	148	148	182
Strandheimar	59	57	65
Samtals:	638	645	680
Þar af nemendur með fjölmenningarlegan bakgrunn:	125	133	143

Heildarkostnaður við rekstur leikskóla í Árborg árið 2026 er áætlaður **2.902 m.kr.**

- Sveitarfélagið Árborg **starfrækir 6 leikskóla** á 8 starfs-stöðvum sem eru: Álfheimar, Goðheimar, Hulduheimar, Jötunheimar og Strandheimar. Leikskólinn Árbær er sjálfstætt starfandi leikskóli rekinn af Hjallastefnunni.
- Kostnaður við hvert barn í leikskólum Árborgar er að **meðaltali um 350.000 kr. á mánuði**. Kostnaður lækkar eftir því sem barn eldist.
- Hlutdeild foreldra** í rekstri leikskóla er u.þ.b. **12-13 %**.
- Leikskólagjöld miðað við 8 klst. mánudag til fimmtudag og 6 klst. á föstudögum eru áætluð **44.348 kr.**
- Unnið er að stækkun leikskólans Jötunheima á næstu tveimur árum og verður hann þá 12 deilda leikskóli en í dag er hann 10 deilda leikskóli rekinn á tveimur stöðum.
- Unnið er að endurbótum á húsnæði við leikskólann Árbæ.
- Fjöldi barna í **leikskólum** Árborgar er **680** og eru **42** börn hjá **dagforeldrum**.
- Alls er gert ráð fyrir yfir **700 börnum í leikskólum** Árborgar árið **2026**.

Grunnskólar

Nemendafjöldi

	2022-2023	2023-2024	2024-2025	1.okt. 2025
BES	124	138	148	137
Sunnulækjarskóli	648	677	652	623
Stekkjaskóli	171	231	294	361
Vallaskóli	573	574	524	505
Samtals:	1516	1620	1618	1626
Þar af nem. með fjölmennings- legan bakgrunn:	203	240	264	285


- Sveitarfélagið Árborg rekur **4 grunnskóla** á 5 starfsstöðvum en þeir eru: Barnaskólinn á Eyrarbakka- og Stokkseyri (BES), Stekkjaskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli.
- Kostnaður við hvert barn í grunnskólum Árborgar er áætlaður um **310.000 kr. á mánuði.**
- Nemendur í skólum utan sveitarfélags: **22**
- Nemendur úr öðrum sveitarfélögum í skólum Árborgar: **24**
- Af 623 nemendum í Sunnulækjarskóla stunda 33 nemendur nám í **sérdeild Sunnulækjarskóla** (Setrið).
- Áætlað er að fjölgun nemenda verði í grunnskólum Árborgar næsta vetur en áætlaður fjöldi nemenda **sem innritast í 1. bekk er 183** og **nemendur sem útskrifast úr 10. bekk 161.**

Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla í Árborg árið 2026 er áætlaður **6.025 m.kr.**


Frístundaheimili Árborgar

17% Hlutfall kostnaðarþátttöku foreldra í frístundaþjónustu af heildarkostnaði.

Fjöldi barna á frístundaheimilum 2026



Skipting niður á frístundaheimili



Fjöldi barna með auknar stuðningsþarfir:

41

Hlutfall barna með stuðningsþarfir:

11%

Heildarkostnaður við rekstur frístundar árið 2026 er áætlaður: **378,1 m.kr.**

Kostnaður við hvert barn á frístundaheimili er áætlaður um **85.000 kr.** á mánuði.

Félagsmiðstöð og vinnuskóli

Félagsmiðstöðin Zelsiuz er næst stærsta félagsmiðstöð landsins

Lykiltölur félagsmiðstöðvar

Unglingar - fjöldi	540
Börn á miðstigi - fjöldi	485
Unglingar - meðalfjöldi í hverri opnun í Zelsiuz - haust 2025:	81
Miðstig - meðalfjöldi í hverri opnun í Zelsiuz - haust 2025:	65

Heildarkostnaður við Zelsiuz 2026 áætlaður **83,3 m.kr.** *

*Útibú opnað í Stekkjaskóla haust 2026

Vinnuskóli Árborgar sumarið 2025

Heildarfjöldi unglunga og ungmennta í vinnuskólanum	357
14 ára (8. bekkur)	140
15 ára (9. bekkur)	96
16 ára (10. bekkur)	80
17+	41

Fjöldi flokksstjóra og annarra starfsmanna: **33**
Áætlaður heildarkostnaður vinnuskóla 2026: **110 m.kr.**

Sundlaugar Árborgar

— aukinn opnunartími 2026

Aukinn opnunartími í sundlaugum Árborgar 2026

- **Sundhöll Selfoss** verður opin til 22:00 mánudaga til fimmtudaga. Aðrir dagar verða óbreyttir.
- Bætt verður við tveimur opnunardögum á viku yfir veturinn í **Sundlaug Stokkseyrar**. Opnunartími verður mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16:30-20:00 og laugardaga til kl. 15:00. Óbreytt opnun yfir sumartíma.

Áætlaðar tekjur og rekstrarkostnaður sundlauga Árborgar 2026

Sundhöll Selfoss	2025	2026
Áætlaðar heildartekjur	106.372.000 kr.	115.173.264 kr.
Áætlaður heildar rekstrarkostnaður	419.393.559 kr.	463.143.116 kr.

Sundlaug Stokkseyrar	2025	2026
Áætlaðar heildartekjur	3.525.000 kr.	4.420.000 kr.
Áætlaður heildar rekstrarkostnaður	59.773.416 kr.	69.240.077 kr.

Áætlaður fjöldi heimsókna fyrir utan börn í skólasundi

	2022	2023	2024	Áætlun 2025
Sundhöll Selfoss	176.433	266.449	250.430	313.951
Sundlaug Stokkseyrar	9.750	9.223	4.210	7.682

Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði 2026:

Sundhöll Selfoss: 24,9%
Sundlaug Stokkseyrar: 6,4%

Styrkir til íþrótt- og æskulýðsfélaga

- Sveitarfélagið Árborg er **heilsueflandi samfélag** sem býður upp á fjölbreytta aðstöðu til íþrótt- og tómstundar- iðkunar í sveitarfélaginu.
- Í Árborg eru **starfrækt 13 íþrótt- og æskulýðsfélög** sem bjóða upp á fjölbreytta starfsemi.
- Frístundastyrkur hækkar um 25% árið 2026.

Styrkir til íþrótt- og æskulýðsfélaga áætlaðir 2026

Um er að ræða styrki til daglegs starfs — ekki tengt viðburðum

Beinir fjárhagslegir styrkir	241.458.125 kr.
— þar af frístundastyrkur	94.656.000 kr.
— þar af styrkir beint til íþrótt- og æskulýðsfélaga	146.802.125 kr.

Reiknaðir styrkir vegna aðstöðu íþrótt- og æskulýðsfélaga

741.513.861 kr.

Heildarframlög fjölskyldusviðs til íþrótt- og æskulýðsfélaga (innifelur ekki viðburði, menningarstarf og stuðning B-hluta)	982.971.986 kr.
--	-----------------

Frístundastyrkir 2025	Frístundastyrkir 2026
20 þús. fyrir 4 og 5 ára	25 þús. fyrir 4 og 5 ára
45 þús. fyrir 6-17 ára	55 þús. fyrir 6-17 ára

Farsæld barna

Tölur varðandi málafjölda í farsæld barna árið 2025

Í lok ágúst voru

25

mál í sambættingu hjá
barnavernd á 3. stigi


149

mál í sambættingu hjá
barnateymi á 2. stigi

123

mál í sambættingu
í leik- og grunnskólum
Árborgar á 1. stigi

Í leik- og grunnskólum Árborgar eru 24 starfsmenn sem sinna samhliða öðrum störfum, hlutverki tengiliðar í farsæld barna. Auk þess eru 12 starfsmenn á velferðarsviði sem sinna hlutverki málstjóra samhliða öðrum verkefnum.




Verkefnið **8-viti æskunnar** miðar að því að efla farsæld barna í Árborg með sameiginlegu, sjónrænu tungumáli – „áttavitanum“ – sem styður seiglu, tilfinningaþroska og snemmtæka íhlutun.

Eldri borgarar

- Um **15% íbúa í Árborg eru 67 ára og eldri**. Það telst frekar hátt hlutfall á landsvísu.
- Til samanburðar eru tæp 12% íbúa Mosfellsbæjar 67 ára og eldri, í Reykjanesbæ um 10% og í Hafnarfirði eru um 12%.
- **Gott að eldast** samvinnu- og þróunarverkefnið hefur aukið samvinnu á milli Sveitarfélagsins Árborgar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU), betri þjónusta og meiri samfella í þjónustu.
- Markmiðið er að efla og styðja við þá sem þurfa aðstoð svo þeir **geti lifað sjálfstæðu lífi** á eigin heimili við góðar aðstæður.
- Árborg býður upp á **endurgjaldslausa heilsueflingu** á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri fyrir eldri borgara.

Tölfræði upplýsingar: Tölurnar eru sjö daga tímabil heimaþjónustu Árborgar, tekið út á hverju ári síðan 2020 til okt 2025 (sama vika á hverju ári).



200 heimili fá þjónustu að meðaltali hverju sinni.

7 einstaklingar eru í senn í endurhæfingarteymi (endurhæfing í heimahúsi), um 3-6 mánaða biðtími og fólk er um 3-6 mán í endurhæfingu.

Samræmd móttaka flóttafólks (SMF)

Fjölskyldusvið hefur verið þátttakandi í samræmdri móttöku flóttafólks frá 2021. Samningurinn snýst um að Sveitarfélagið veiti allt að 100 einstaklingum þjónustu árið 2025 og stefnt er að því að allt að 80 einstaklingar fái þjónustu 2026. Ríkið endurgreiðir útlagðan kostnað samkvæmt samningnum fyrstu tvö árin eftir komu flóttafólks.

100

Hámarksfjöldi notenda hverju sinni skv. núverandi samningi.

196

Fjöldi notenda samtals frá apríl 2021.

11


Þjóðerni; Afganistan, El Salvador, Írak, Íran, Kongó, Nígería, Palestína, Súdan, Sýrland, Úkraína, Venesúela.



Fjárhagsaðstoð

- Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu sveitarfélög tryggja fjárhagslegt öryggi íbúa á grundvelli samhjálpar.
- Fjárhagsaðstoð er veitt á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð Sveitarfélagsins Árborgar.
- Árið 2025 er grunnupphæð fjárhagsaðstoðar 217.739 kr. Flestir sem eru á fjárhagsaðstoð eru að fá 80% af grunnfjárhæð eða 174.191 kr. á mánuði fyrir skatt.
- Fyrstu 6 mánuði ársins 2025 höfðu 121 einstaklingur fengið greidda fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftari.
- Hlutfall íbúa á fjárhagsaðstoð hefur hækkað síðustu þrjú ár. Þetta helst í takt við aukið atvinnuleysi á Suðurlandi og í Árborg á þessu tímabili.

Fjárhagsaðstoð	2023	2024	2025
Einstaklingar á mánuði á árinu	19-30	24-37	34-43
Hlutfall einstaklinga á fjárhagsaðstoð miðað við fjölda íbúa fyrstu 8 mánuði áranna	0,215%	0,268%	0,307%





Mannvirkja- og umhverfissvið

Mannvirkja- og umhverfissvið samanstendur af eignadeild, skipulags- og byggingardeild, framkvæmda- og tæknideild, þjónustumiðstöð og Selfossveitum.

Hlutverk sviðsins er að viðhalda og þróa innviði sveitarfélagsins til að styðja við og auka velferð íbúa og atvinnulífs, sem og þeirra sem sækja okkur heim.




Gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs

- Íbúar í Sveitarfélaginu Árborg hafa verið öflugir að flokka úrgang á undanförunum árum. Sú þróun hefur leitt til þess að gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs hafa staðið í stað eða lækkað milli ára.
- Á árinu 2026 mun ný grenndarstöð bætast við hjá Nytjamarkaðnum á Selfossi.
- Allar grenndarstöðvar eru útbúnar með snjallskynjurum sem eiga að tryggja tímanlega losun.

Árið 2024 var magn endurvinnsluefnis frá heimilum samtals 457.120 kg, sem er aukning frá 2023 og gefur merki um aukna flokkun umfram fólksfjölgun.
Eftirfarandi er skipting endurvinnsluefnisins 2024:

Plast:	123.800 kg	Pappi:	333.320 kg
--------	------------	--------	------------

Greiðslur frá Úrvinnslusjóði í kr.



*Að hluta til uppgjör vegna ársins 2023

Þróun gjalds vegna meðhöndlunar úrgangs

	2021	2022	2023	2024
Kr. per heimili, á ári	65.000	65.000	70.989	73.128
Gjöld eru miðuð við 240 lítra tunnur	3 tunnur	3 tunnur	4 tunnur	4 tunnur

Umferðar- og samgöngumál




- Unnið verður áfram með **Led-væðingu á götulýsingu** sveitarfélagsins og stefnt að því að klára það verkefni 2027.
- Aukið fjármagn hefur verið sett í **umferðaröryggi** í sveitarfélaginu með áherslu á **gönguleiðir skólabarna** og eru verkefnin m.a.:
 - **Lýsing** á göngupverunum.
 - **Hraðatakmarkandi** aðgerðir.
 - **Bætt aðstaða** á stoppistöðvum **Árborgarstræto** og **kortlagning** á akstursleiðum.
- Útboð á vetrarþjónustu fór fram 2025 og verður unnið eftir samningum þess útboðs næstu árin.
- Í útboðinu er gerð **ríkari krafa á útbúnað** tækja og **ferilvöktun** þar sem markmiðið er að **bæta þjónustustig**.
- Um það bil **100 km eru í vetrarþjónustu gatna** í mismundandi forgangsflokkum og fer tíðni eftir tíðarfari og forgangsflokki.

Selfossveitur

Helstu áherslur 2026

- **Orkuöflun** er ein mikilvægasta framkvæmdin á vegum Selfossveitna og munu verða **boraðar nokkrar tilraunaholur** ásamt vinnsluholu á árinu.
- Mikilvægt er að tryggja **afhendingaröryggi** á heitu vatni svo byggð geti áfram þróast í sveitarfélaginu.
- Í nýrri **Ölfusárbrú** er gert ráð fyrir stórum lögnum fyrir hita- og vatnsveitu.
- **Stækkun dreifikerfa** í nýjum hverfum heldur áfram.
- Selfossveitur vinna að **stækkun hitaveitulagnar** frá dælustöðinni við Víkurheiði að dælustöðinni við Stokkseyri og Eyrarbakka vegna undirbúnings á nýju öryggisfangelsi.

Heildarfjárfestingar Selfossveitna í m.kr.




Selfossveitur

- Afkastageta Selfossveitna er um **300 l/s** eða um **47.9 MW**, með möguleika á auknum afköstum tímabundið í hörðum frostaköflum.
- Selfossveitur nýta vatn úr **13 vinnsluholum**, allar misjafnar að stærð og hitastigi.
- Selfossveitur eru með **tvo miðlunargeyma** í rekstri og **fjórar dælustöðvar**.

Fjöldi notenda hjá Selfossveitum er **4.447** og fer fjölgandi

Sala á heitu vatni í m.kr



Rekstrarniðurstaða Selfossveitna í m.kr.





Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Stjórnsýslu- og fjármálasvið er stoðsvið sem vinnur þvert á önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins. Á stjórnsýslu- og fjármálasviði er fjármáladeild, mannauðs- og launadeild og menningar- og upplýsingadeild, auk almennrar stjórnsýslu og upplýsingatækni.



Helstu áherslur ársins 2026



- Innleiðingu lýkur á **nýju málaskrárkerfi**, WorkPoint.
- **Nýtt fræðslukerfi** verður innleitt.
- Aukið fjármagn til innleiðingar **nýrra stafrænna ferla**.
- **Stafræn stefna** sveitarfélagsins endurskoðuð.
- Ráðning **verkefnastjóra umbóta og þróunar**, sem mun m.a. bera ábyrgð á gerð gæðahandbókar og innleiðingu stafrænna verkefna.

Mannauðsmál

Frá apríl 2024 hefur starfsánægja starfsfólks Árborgar verið mæld með fjórum púlskönnunum á ári.


Starfsánægja hefur aukist frá því að mælingar hófust.

Mannauðsdeild styðst við eftirfarandi stefnur sem sveitarfélagið hefur gefið út:

- Mannauðsstefnu
- Stefnu um velferð á vinnustað
- Jafnréttisstefnu
- EKKO stefnu

Fjöldi stöðugilda 1. janúar ár hvert	Stöðugildi	Launamenn
Janúar 2020	657,2	906
Janúar 2021	742,0	1004
Janúar 2022	825,6	1107
Janúar 2023	830,5	1154
Janúar 2024	796,2	1098
Janúar 2025	788,6	1136

Moodup púlskannanir



Svarhlutfall púlskönnunar í október 2025 var **76%**

Leiðarljós mannauðs- stefnunnar eru:

Við erum framsækin

Við stuðlum að framsækni og stöðugri þróun.

Við erum umhyggjusöm

Í sameiningu sköpum við jákvætt starfsumhverfi með lausnamiðaða hugsun að leiðarljósi.

Við erum fjölbreytt

Við erum með heilbrigða vinnustaðamenningu og hámörkum árangur okkar með því að stuðla að fjölbreytileika í allri okkar starfsemi.


Við erum samheldin

Við stefnum í sömu átt, höfum skýra sýn og sameiginleg markmið.

Menningarmál

- Á heimasíðu sveitarfélagsins hefur undanfarið verið unnið að því **að fjölga stuttum jákvæðum fréttum** úr sveitarfélaginu, þar sem lögð er áhersla á upplýsingagjöf til íbúa.
- Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir **endurnýjun heimasíðu sveitarfélagsins** og skoðað hvort hægt sé að einfalda vefsíðuumhverfi sveitarfélagsins í heild.
- Unnið er að gerð nýrrar menningarstefnu þar sem m.a. er lögð aukin **áhersla á barna- og fjölmenningu** og mikilvægi aðgengis fyrir öll að menningu og listum í sveitarfélaginu.
- Helstu menningarviðburðir sem skipulagðir eru af starfsfólki menningar- og upplýsingadeildar eru **Vor í Árborg, Menningar-mánuðurinn október** og **Jól í Árborg**. Auk þess kemur starfsfólk deildarinnar að fjölmörgum öðrum viðburðum og hátíðum í sveitarfélaginu.

Útlán Bókasafns Árborgar



100

Viðburðir haldnir af menningar- og upplýsingadeild

64

Fjöldi viðburða sem stutt er við með einum eða öðrum hætti af deildinni

Stafræn þróun og upplýsingatækni

Á undanförunum árum hefur verið lögð **áhersla á betri þjónustu gagnvart íbúum sveitarfélagsins** meðal annars með því að:

- Auka notkun **rafrænna undirrita**, m.a. við ráðningu starfsfólks.
- Innleiða **stafrænt pósthólf** á island.is.
- Taka upp **stafrænar flutningstilkynningar** vegna heits vatns til Selfossveitna.
- Taka upp nýtt **gæludýraskráningarkerfi** með aukinni sjálfvirkni.
- Taka upp **reiknivélar á vef** Árborgar fyrir fasteignagjöld, gatnagerðargjöld og leikskólagjöld.
- Taka upp **ábendingagátt**.

Á árinu 2026 verður haldið áfram að leggja áherslu á stafrænar lausnir til að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Áhersla verður lögð á að búa til ferla sem verða sjálfvirknivæddir, **hraði verður aukinn og hagkvæmni úrvinnslunnar einnig**.

Á árinu verður m.a.

- Innleitt **nýtt málaskrárkerfi**.
- Innleitt **bókunarkerfi fyrir fundi og viðtöl** hjá starfsfólki ráðhússins.
- **Móttökuáætlun virkjuð**, þar sem upplýsingagjöf til nýs starfsfólks og sjálfvirknivæðing við móttöku þeirra, verður aukin.
- **Efla netöryggi** sveitarfélagsins og bæta öryggi upplýsinga þess.



Útgefandi:

Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi 2

800 Selfoss

Hönnun og umbrot greinargerðar:

Dóra Haraldsdóttir